

Sveitarfélagið Ölfus  
Sigurður Steinar Ásgeirsson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 6. desember 2024  
UST202410-139/A.B.  
10.04.02

## Efni: Breyting á aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020 - 2036 - Meitlar og Hverahlíð II

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagið Ölfus er barst 16. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020 - 2036 fyrir iðnaðarsvæði vegna rannsókna og orkuvinnslu í Hverahlíð II og Meitlum.

Í greinargerð kemur fram breytingin tekur yfir landsvæði sem er innan lands Hjallatorfu ofan fjalls (L190527) sem er í eigu Orkuveitunnar. Stofnað er iðnaðarsvæði fyrir rannsóknarboranir og vinnslu í Hverahlíð II og Meitlum. Gert er ráð fyrir að fljótlega verði ráðist í að bora vinnsluholur nyrst á svæðinu, þar sem nú þegar liggur fyrir að sé virkjanleg orka. Samhliða verður farið í rannsóknarboranir víðar, innan nýs iðnaðarsvæðis. Vinnsluholur, sem fljótlega verður farið í, eru utan vatnsverndarsvæðis en eru innan hverfisverndar HV3. Rannsóknarholur og síðar mögulegar vinnsluholur eru innan HV3 og fjarsvæðis vatnsverndar og að litlum hluta innan grannsvæðis vatnsverndar. Það er þó háð árangri úr borun annarra rannsóknarborhola hvort holur innan grannsvæðis vatnsverndar verði boraðar.

Stofnunin bendir á að hún hefur veitt umsagnir á ýmsum stigum vegna framkvæmda á svæðinu og vísar til þeirra<sup>123</sup>.

### Almennir skilmálar fyrir iðnaðarsvæði

Í greinargerð segir að almennir skilmálar fyrir iðnaðarsvæði eru m.a:

Hafa skal í huga að stærsti hluti sveitarfélagsins er á eldhraunum sem njóta sérstakrar verndar sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, en einnig eru innan iðnaðarsvæða vistgerðir og jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. sömu grein og ber að forðast að raska þessum svæðum nema brýna nauðsyn beri til.

Umhverfisstofnu telur það óljóst hvað átt er við með *stór hluti*.

<sup>1</sup> [Tillaga-Deiliskipulag-Rannsóknarsvæði OR í Meitlum Sveitarfélagið Ölfuss](#)

<sup>2</sup> [Mat á umhverfisáhrifum-matsskyldufyrirspurn-rannsóknarboranir í Meitlum. Umsögn](#)

<sup>3</sup> [Umhverfismat framkvæmda-Vinnslu-rannsóknarholur í Hverahlíð II og Meitlum suður](#)

Umhverfisstofnun bendir á að verndargildi hraun innan sveitarfélagsins er mismunandi. Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið kortleggi hraunasvæðin í sveitarfélaginu, verndi hraunasvæði og jarðmyndanir í samræmi við náttúruverndarlög og beini uppbyggingu rannsóknar og iðnaðaruppbyggingu á svæði sem hafa minna verndargildi.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Umhverfisstofnun bendir á að á vestara svæðinu er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hrauns sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauninu þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur og mun skipulagstillagan valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það og á svæði sem er á náttúruminjaskrá.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum

sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Áhrif á vatnshlot**

Í greinargerð kemur fram nöfn og númer þeirra grunnvatnshlota sem framkvæmdin hefur áhrif á. Þessi grunnvatnshlot eru Selvogsstraumur 3 (104-290-G), Ölfusstraumur 2 (103-267-G), Ölfusstraumur 1 (103-195-G) og Ölfusstraumur Ingólfsfjall (103-260-G). Umhverfismarkmið þessara vatnshlota er að vera með góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Ástand þessara vatnshlota er óþekkt og er því óflokkað vegna skorts á gögnum. Athugið að skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála má ástand vatnshlota ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Í greinargerð er sett fram orku og auðlindastefna Ölfuss, Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þarf stefnan að vera í samræmi við lögin og vatnaáætlun 2022-2027.

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem rannsóknarholur og síðar mögulegar vinnsluholur eru innan vatnsverndarsvæðis, er nauðsynlegt að framkvæmdaraðili tilkynni framkvæmdirnar til heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaða framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotin nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem

sett hafa verið fyrir þau. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála<sup>4</sup>. Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála<sup>3</sup> .. ff greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

### **Borsvarf - Skolvatn**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um förgun borsvarfs og áhrif þess að skolvatn sígi niður í jarðlögin.

### **Hljóðvist**

Í greinargerð er fjallað um áhrif framkvæmdirnar á hljóðvist og útivist almennt. Einnig þarf að skoða hvort blástur frá fyrirhuguðum borholum og umferð vinnuvéla sé líkleg til að valda ónæði fyrir ferðafólk á svæðinu.

### **Landslag**

Landslag á skipulagssvæðinu er fjölbreytt, annars vegar er um að ræða eldfjallalandslag með hrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, með hraunmyndunum, gígum, sprungum og misgengum og hins vegar grágrýtislandslag.

Bæði eru þessi svæði óröskuð og því mun tillagan rýra verndargildi svæðanna m.t.t. landslags og ásýndar.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að framkvæmdasvæðið er í jaðri svæðis sem er á náttúruminjaskrá sem nefnist Eldborg undir Meitum og hefur það svæði einnig mikið útivistargildi.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að valin séu svæði sem eru þegar röskuð og valin séu svæði þar sem áhrif framkvæmdanna hana sem minnst umhverfisáhrif.

---

<sup>4</sup> [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

## Carbfix

Í greinargerð segir að stefnt er að koldíoxíð og brennisteinsvetni verði eftir atvikum fangað frá virkjunum í samstarfi við Carbfix til að framkvæmdin verði umhverfisvænni.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um föngun koldíoxíð og brennisteinsvetni ófullnægjandi í greinargerð og bendir á mikilvægi þess að gerð sé mun nánari grein fyrir þessum þætti við gerð umhverfismats aðalskipulagsins.

## Heildarsýn framkvæmda

Í greinargerð segir að endanleg staðsetning eða fjöldi rannsóknarborhola innan nýrra iðnaðarsvæða liggur ekki fyrir á þessu stigi. Eðli rannsókna sem þessara taka mið af fyrirliggjandi gögnum og því fer ákvörðun um hvar staðsetja eigi næstu holu eftir þeim upplýsingum sem var aflað með fyrri rannsóknarborunum. Á grunni niðurstaðna rannsókna verður hægt að bora vinnsluholur og í ákveðnum tilfellum kunna rannsóknarholur að nýtast síðar til vinnslu í tengslum við nýtingu svæðis, s.s. niðurdælingu og eftirlits en þær verða að öllum líkindum ekki vinnsluholur. Þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir kann að vera þörf á að endurskilgreina iðnaðarsvæðið, breyta afmörkun þess og endurskoða skilmála vegna vinnsluholna og lagnaleiða.

Auk þess segir að heimiluð verður vinnsla úr einstökum holum, þegar leyfi liggja fyrir, þrátt fyrir að heildarumfang orkuvinnslu liggja ekki fyrir. Einnig segir að stefnt er að koldíoxíð og brennisteinsvetni verði eftir atvikum fangað frá virkjunum í samstarfi við Carbfix til að framkvæmdin verði umhverfisvænni.

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að fjallað sé um heildaráhrif framkvæmda á svæðinu. Stöðug viðbót nýrra iðnaðarsvæða á áður óröskuðum svæðum breytir upplifun á náttúrunni og ásýnd hennar. Því beinir Umhverfisstofnun því til sveitarfélagsins að huga að því meta heildaráhrif allra svæða sem þykja líkleg til nýtingar á næstum árum og skoða samlegðaráhrif þeirra framkvæmda.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnun varðandi matsskyldufyrirspurn varðandi verkefnið á norðursvæðinu 24. mars 2023.<sup>5</sup>, en þar segir:

*Umhverfisstofnun telur að hér sé verið að ráðast í varanlegar framkvæmdir hvað plön, vegi og borholur varðar. Eins og fram kemur í greinargerðinni er óvissa um hvort og hvernig nýting umrædds rannsóknarsvæðis verður og munu rannsóknarholur geta veitt skýrari mynd af afli svæðisins. Óháð því verða rannsóknarholurnar nýttar á einhvern hátt, hvort sem það er til niðurdælingar eða vöktunar.*

*Þegar um slíkar framkvæmdir er að ræða að farið er á ný svæði í nútímahrauni og gerð varanleg mannvirki hefur Umhverfisstofnun talið sjálfgefið að metin séu umhverfisáhrif*

<sup>5</sup>

<https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%c3%b6gn%20MSF%20ranns%c3%b3knarboranir%20%c3%ad%20Meitlum.pdf>

f

viðkomandi framkvæmdar. Að mati Umhverfisstofnunar er aðeins stigsmunur á fyrirhugaðri framkvæmd miðað við „hefðbundnar“ borholur og enginn ef af nýtingu verður síðar.

Umhverfisstofnun hefur venjulega talið að gera ætti grein fyrir allri framkvæmdinni strax í upphafi og að gerð verði grein fyrir fyrirhugaðri legu lagna og stöðvarhúss/varmastöð þannig að unnt verði að meta heildaráhrif framkvæmdarinnar.

Hér er hins vegar alger óvissa um framhald mannvirkjagerðar umfram veglagningu og gerð borplana. Boranir á svæði 1 munu gefa nokkuð öruggar upplýsingar um nýtingu viðkomandi svæðis en spurning er hvort boranirnar muni varpa ljósi á mögulega nýtingu svæða sunnar í Þrengslum og mögulega nýtingu og mannvirkjagerð á svæðum 1-3. Þegar jarðhiti er annars vegar gefa yfirborðsrannsóknir aðeins vísbendingar um raunverulegt ástand og boranir eru enn sem komið er eina leiðin til að leiða slíkt í ljós.

Umhverfisstofnun telur að þegar mat á umhverfisáhrifum frekari mannvirkjagerðar fer fram eigi að gera grein fyrir hvort unnt verði að reka Hellisheiðarvirkjun í núverandi mynd, þ.e. bæði til rafmagnsframleiðslu og öflunar vatns fyrir hitaveitu. Hér er um varanlegar og óafturkræfar framkvæmdir að ræða en ávinningurinn er að gefa nýjar upplýsingar um mögulega nýtingu svæðisins og þeirrar mannvirkjagerðar sem fylgja mun nýtingu til framtíðar.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni koma til með að hafa varanleg og neikvæð áhrif á viðkomandi svæði og telur æskilegt að framkvæmdin fari í umhverfismat, þannig að gerð verði grein fyrir framkvæmdinni í heild, umhverfisáhrifum, raunhæfum valkostum og mótvægisáðgerðum. Einnig vill stofnunin benda á mikilvægi ferlis umhverfismats að gefa almenningi og hagaðilum kost á að koma að sínum sjónarmiðum varðandi fyrirhugaða framkvæmd.

Umhverfisstofnun vill benda á að starfsmenn ON hafa unnið mikilvægt og gott starf við frágang raskaðra svæða við Hellisheiðarvirkjun og víðar og er ekki ástæða til að ætla að slíkt verði ekki einnig raunin á því svæði sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Ríkey Kjartansdóttir

**sérfræðingur**